



Reykjavík 22.02.2024

Sveitarfélagið Múlaþing
Bt: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri
Lyngási 12,
700 Egilstöðum

Efni: Um tillögu í öryggisátt í skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa um bætt öryggi vegfarenda við listaverk á hafnarsvæði.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur lokið rannsókn á banaslysi sem varð við Víkurland á Djúpavogi þann 21. júní 2022. Í slysinu lést gangandi vegfarandi sem varð fyrir vinnuvél. Er þeirri tillögu beint til Múlaþings að greina og útfæra breytingar til að tryggja öryggi vegfarenda á svæðinu við listaverkið í Innri-Gleðivík.

Blandað er saman umferð ferðamanna og þungrar atvinnustarfsemi án varanlegrar aðgreiningar með tilliti til umferðaröryggis á svæðinu við listaverkið. Um Víkurland er talsverð umferð, bæði atvinnutækja sem og annarra ökutækja en samkvæmt talingu Vegargerðarinnar var ársdagsumferð á milli hafnarsvæða á Djúpavogi 430 ökutæki árið 2022. Umferð ferðamanna um svæðið hefur aukist mikið undanfarin ár, sérstaklega með komu skemmtiferðaskipa og telur nefndin því mikilvægt að greina og útfæra varanlegar breytingar á svæðinu annars vegar að teknu tilliti til umferðar gangandi vegfarenda og hins vegar að teknu tilliti til umferðar ökutækja.

Með vísan til 35. gr. laga um rannsókn samgönguslysa nr. 18/2013 óskar nefndin eftir því að fá upplýsingar um með hvaða hætti brugðist verður við þessari tillögu nefndarinnar, sem skal gert innan þriggja mánaða. Útdráttur úr svari verður birtur á vef nefndarinnar.

Meðfylgjandi bréfi þessu er skýrsla nefndarinnar um slysið, en hún hér einnig verið birt á vef nefndarinnar, www.rnsa.is.

Virðingarfyllt,
f.h. rannsóknarnefndarinnar

Helgi Þ. Kristjánsson